



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Nóaborg

2024 – 2025



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglíngar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans .....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024 .....	6
2.1 Innra mat.....	6
2.2 Ytra mat.....	6
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	8
3.1 Umbótaþáttur/matsþáttur: Námskrá .....	8
3.2 Umbótaþáttur/matsþáttur: Einfalda vinnu við þrjú stór verkefni .....	9
3.3 Umbótaþáttur/matsþáttur: Stjórnun.....	10
3.4 Umbótaþáttur/matsþáttur: - Barnasáttmálinn og Nordplusverkefnið.....	11
4 Innra mat Sólbakka og Ólátagarðs .....	12
4.1 Leikurinn.....	12
4.2 Þemavinna.....	12
4.3 Flæði.....	12
4.4 Deildafundir .....	13
4.5 Skólaárið 2024-2025 .....	13
5 Innra mat Saltkráku og Skarkalagötu.....	14
5.1 Flæði.....	14
5.2 Þemavinna.....	14
5.3 Skólaárið 2024-2025 .....	15
6 Innra mat sérkennslu.....	16
6.1 Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025 .....	17
7 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn .....	18
7.1 Umbótaáætlun – fjölgengi 2024-2025.....	20
8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	20
9 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	21
10 Foreldrasamvinna.....	21
11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	22
12 Fylgiskjöl .....	22
12.1 Fylgiskjal – foreldraráð.....	23
12.1.1 Umsögn foreldraráðs: .....	26
12.2 Leikskóladagatal Nóaborgar 2024-2025 íslenska.....	27
12.3 Leikskóladagatal 2024-2025 enska .....	29



## Leiðarljós leikskólans

### Leikum-Lærum-Njótum

**Leikum:** Í leikskólanum er lögð höfuðáhersla á leik barnanna.

**Lærum:** Í gegnum leikinn læra börn best og því er mikilvægt að hann sé alltaf í forgrunni.

**Njótum:** Það að njóta þess sem verið er að gera skilar meiri árangri á alla vegu og gildir það bæði um börn og starfsfólk.

**Stærðfræði:** Að örva formskynjun, rökhugsun, talna- og hugtakaskilning í gegnum leik. Markmiðið er að börnin kynnist algengustu formunum og læri að þekkja þau. Yngstu börnin vinna með fá og einföld form, lögð er mikil áhersla á að leika með hugtakaskilning og tölustafirnir frá 1-5 eru sýnilegir og kynntir fyrir börnunum. Eftir því sem börnin verða eldri fjölgar formunum sem leikið er með auk þess sem leitað er leiða í gegnum leikinn til að vinna með talnaskilning barnanna. Notuð eru ýmis spil og leikir sem markvisst örva form-, talna- og hugtakaskilning barnanna. Dæmi um það eru teningaspil, minnisspil, bingó og ýmis samstæðuspil. Viðfangsefni verða flóknari eftir því sem börnin eldast og má í því sambandi nefna að á yngstu deildinni þá börnin saman stór form á vegg á meðan börnin á þeirri elstu gera flóknar myndir úr lausum formum og fara í vettvangsferðir að taka ljósmyndir af formum í umhverfinu sem og skrá niður bók- og tölustafi sem á vegi þeirra verða. Talnaskilningur örvast í daglegu starfi barnanna. Tölustafir eru hafðir aðgengilegir börnunum og eru víða hengdir upp. Á öllum deildunum fá börnin að leika sér með lausa tölustafi af ýmsum stærðum. Spiluð eru teningaspil af ýmsum gerðum og farið í talnaleiki. Lögð er áhersla á yfir- og undirhugtök. Hugtökin eru kynnt hlutlægt fyrir börnunum á ýmsan hátt í gegnum leik áður en farið er að vinna með þau á huglægan hátt. Það mun taka tíma áður en við náum að endurgera allt það efni sem við áttum áður en leikskólinn lokaði vegna myglu. Þá þurfti að henda öllu heimatilbúnu efni sem við áttum mikið af sem og öllum spilum og öðru aðkeyptu efni sem tengist stærðfræði.

**Læsi:** Að hafa ritmál sýnilegt í leikskólanum og bjóða börnunum upp á fjölbreytt viðfangsefni sem tengjast læsi. Ritmálið er haft sýnilegt börnunum víða í leikskólanum. Leikefni er flest merkt með heiti og í hillunum er staðurinn fyrir leikefnið merktur þannig að hver hlutur rati alltaf á sinn stað aftur. Börnin æfa sig í að skrifa nafnið sitt og á eldri deildunum fá börnin gjarnan skriffæri til að nota í ýmsum hlutverkaleikjum. Boðið er upp á ýmis viðfangsefni þar sem unnið er með bók- og tölustafi. Í hópstarfi er m.a. unnið með ritmálið í gegnum vísur og ævintýri. Eins og í sambandi við



stærðfræðina þá þurfti að henda nánast öllu leikefni sem til var í leikskólanum en smátt og smátt náum við að endurnýja það góða efni sem til var áður en myglan kom upp.

Lubbi finnur málbein er kennsluefni sem eflir hljóðkerfisvitund barnanna. Höfundar efnisins eru talmeinafræðingarnir Þóra Másdóttir og Eyrún Ísfold Gísladóttir. Unnið er með verkefnið á fjölbreyttan hátt á öllum deildum og hefur Berglind, aðstoðarleikskólastjóri séð um Lubbavinnuna á öllum deildum síðasta vetur. Hún fór með Lubbastundir vikulega á hverja deild og var því mikið samræmi í þessu skemmtilega viðfangsefni. Berglind mun komandi vetur halda áfram utan um Lubbastundirnar. Áhugasamir kynnt sér efnið nánar hér: <https://www.lubbi.is/index.php>

## 1 Greinargerð leikskólastjóra

Síðasti vetur var fyrsti veturinn með samfellt starf frá hausti og fram á vor síðan Covid faraldurinn kom upp rétt í kjölfarið á verkföllum Eflingarstarfsmanna. Þegar Covid faraldurinn var rétt við það að klárast kom upp mygla í leikskólanum og þurfti að yfirgefa leikskólann í sjö mánuði á meðan unnið var að lagfæringu á húsnæðinu. Það var því kærkomið að geta unnið markvisst með okkar markmið og áætlanir sem gengu að mestu leyti upp. Algjörlega endurnýjað húsnæði hefur bætt vinnuaðstæður barna og starfsfólks og verkinu lýkur endanlega á haustmánuðum þegar nýjar og langbráðar hurðir verða settar upp en baráttan fyrir því að fá þessar nýju hurðir tók alltof langan tíma. Við fögnum samt að málið hafi endað vel og hlökkum til að fá nýjar og fallegar hurðir sem setja punktinn á framkvæmdirnar. Næsta framkvæmdaverkefni sem allra fyrst verður svo vonandi lausa stofan en hún er löngu komin á tíma og mikil þörf á endurgerð.

Starfsmannavelta var ívið meiri en oft áður og var ófyrirsjáanlegum ástæðum um að kenna í flestum tilvikum. Við fengum þó gott fólk í staðinn fyrir þá sem hættu en mjög góður hópur starfsmanna starfar í leikskólanum þótt við söknum fleiri kennara.

Starfsmannakönnun sem framkvæmd var í miðjum flutningum til baka í Nóaborg eftir sjö mánaða flakk kom ekki vel út sem kom ekki á óvart og því var sérlega ánægjulegt að sjá áþreifanlegan mun til hins betra í síðustu könnun. Fjallað verður um könnunina hér síðar í þessu plaggi.

Fyrri veturinn í Nordplusverkefninu okkar gekk nokkuð vel. Starfsmenn sóttu fundi í Eistlandi og Grænlandi. Við misstum verkefnastjóra verkefnisins en tveir starfsmenn hafa tekið að sér að halda utan um verkefnið þetta síðara ár og við hlökkum til að halda áfram vinnunni með Barnasáttmálann í samvinnu við leikskóla frá Grænlandi, Eistlandi, Litháen og Svíþjóð.



## Nóaborg komandi vetur:

Við höldum áfram þátttöku okkar í Nordplusverkefninu um Barnasáttmálann og á dagskrá eru fundir í Svíþjóð og Litháen en fjórir starfsmenn leikskólans sækja hvern fund. Verkefninu lýkur svo á lokafundi á Íslandi í júní 2025.

Leikurinn verður í fyrirrúmi starfs okkar næsta vetur en með breytingum á aðalnámskrá leikskóla fær leikurinn meira vægi en oftast áður. Við þurfum að miða skipulag hvers dags meira við að börnin fái lengri tíma í samfelldan leik. Það kallar á aukna þátttöku starfsmanna í leik barnanna og á skipulagsdegi í nóvember fáum við fyrirlestur frá Söru Margréti Ólafsdóttur, dósent við HÍ um leikinn og þátttöku fullorðinna í leik barna. Í þessu samhengi verður flæði barnanna á milli deilda aukið. Ólátagarður og Sólbakki hafa unnið vel saman með flæði á milli deilda og þarf aðeins að skerpa á því þannig að öll rými sem deildirnar hafa til umráða hvern dag nýtist betur. Saltkráka og Skarkalagata munu auka flæði á milli sinna deilda og til skoðunar er að prófa nokkrum sinnum í vetur að hafa flæði um allt húsið en ef vel á að takast þarf undirbúningur að vera góður.

Það eru þrír stórir póstar í starfinu sem hafa kallað á talsverðan undirbúning og tíma og oft hafa þau verkefni kallað á álag. Þetta eru jólagjafir barnanna til foreldranna, Öskudagsbúningagerð og Alþjóðavíka leikskólans. Leikskólastjóri hefur gert skipulagsdagatal fyrir þessa þætti þar sem verkefni eru tímasett lið fyrir lið og þau unnin í áföngum allan veturinn í staðinn fyrir á stuttum tíma. Það verður spennandi að sjá hvernig gengur með það því ef það gengur vel þá léttir það alla vinnu sem um leið gerir viðfangsefni skemmtilegri.

Stóra áskorunin komandi vetur verður þó að skipuleggja 36 stunda vinnuviku sem samið hefur verið um í kjarasamningum en við höfum miklar áhyggjur af því að þjónusta muni skerðast sem og undirbúningstímar vegna þessa þar sem ekkert fjármagn fylgir þessum breytingum. Flest börn eru 40-42,5 tíma í leikskólanum og með starfsmenn í 36 stunda vinnuviku blasir við að undirmönnun verður í leikskólanum sem er óásættanlegt.



## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

### 2.1 Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Starfsmannakönnun – Markmið var að fá betri niðurstöður á milli ára</b>	Gallup/ Reykjavíkurborg - könnun til starfsfólks	Niðurstöður kynntar fyrir starfsmönnum á skipulagsdegi og ræddar.	Mikil og jákvæð breyting á milli ára.
<b>Kaffimorgnar fyrir foreldra vikulega í upphafi dags</b>	Með því að fylgjast með mætingu foreldra	Stjórnendur	Því miður frekar fáir foreldrar sem nýttu sér þetta en náðist oft gott og notalegt spjall við þá sem komu. Ekki haldið áfram.
<b>Hvetja foreldra til að taka þátt í foreldrakönnun en ekki næg þátttaka seinast</b>	Ekki hægt að meta þar sem engin könnun var gerð til foreldra	Stjórnendur	Gera má ráð fyrir því að foreldrakönnun verði lögð fyrir foreldra á komandi skólaári og því á þetta verkefni enn við

### 2.2 Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Starfsánægja</b>	Gallup könnun/ Reykjavíkurborg	Starfsfólk leikskólans	Mikill og jákvæður munur á milli ára og markmiðið er að komast á sama stað og leikskólinn var fyrir myglu en mikil starfsánægja hefur alla tíð einkennt Nóaborg



Gallup framkvæmdi viðhorfskönnun á meðal starfsmanna og var könnunin tekin í nóvember 2023. Könnunin árið á undan var framkvæmd í lok gríðarlega þungra mánaða vegna myglu og ítrekaðra flutninga í misvont húsnæði. Niðurstöður þeirrar könnunar endurspegluðu það ástand og voru varúðarmerki við flest svör og ljóst að bregðast þyrfti við. Sylvía Guðmundsdóttir, markþjálfari og leikskólakennari fór í mikla og góða vinnu með stjórnendateymi leikskólans þar sem markmiðið var að þétta raðirnar og átta sig betur á hlutverki hvers og eins, styrkleikum og veikleikum. Sú vinna skilaði góðum árangri. Þó ber að taka það fram að einn deildarstjóri er í veikindaleyfi og annar hefur hætt störfum og því eru tveir deildarstjórar nú við störf sem tóku ekki þátt í þessari vinnu. Sylvía hélt einnig fyrirlestur fyrir allt starfsfólk um vellíðan í vinnu og var sá fyrirlestur frábær og vakti mikla ánægju starfsfólks. Það var því ánægjulegt að fá niðurstöðurnar úr síðustu könnun þar sem niðurstöður voru allt aðrar og mun betri en árið á undan. Nánast allt sem spurt var um var á grænu með það sem kallast „frekar góð einkunn“ sem er einkunn upp á 3,5-4,4. Það sem skoraði lægst tengdist helst launakjörum starfsmanna. Hér fyrir neðan má sjá glærur sem sýna hæstu og lægstu einkunnir sem og breytingar á milli ára.

Mestu breytingar	
Tíu mestu breytingar eru valdar úr spurningunum sem mynda þætti úr Stofnun ársins - aðrar spurningar gætu hafa breyst meira	
Leikskólinn Nóborg	
Niðurstöður eru ekki birtar ef n<5	
Spurningar	Breyting
Ánægja með loftgæði.	1.68
Ánægja með hljóðvist (ánægja eða óánægja þín með hljóð í rýminu).	1.43
Ég get mælt með starfsstaðnum sem góðum vinnustað við vini mína.	1.37
Ertu ánægð(ur)(t) eða óánægð(ur)(t) með þann sveigjanleika sem þú hefur í vinnunni?	1.08
Hversu vel eða illa telur þú að þínum vinnustað sé stjórnað?	1.06
Næsti yfirmaður minn er sanngjarn við starfsfólk.	1.05
Ég ber fullt traust til stjórnenda starfsstaðarins.	0.99
Ég get leitað til næsta yfirmanns míns ef ég þarf á því að halda.	0.98
Þegar á heildina er lítið er starfsstaðurinn sem ég starfa hjá talinn vera mjög traustur.	0.94
Mér finnst ég hafa næga yfirsýn yfir alla þá þætti sem krafist er af mér í starfi.	0.94




## Helstu niðurstöður - Fimm hæstu og lægstu einkunnir

### Leikskólinn Nóaborg

#### Hæstu 5




#### Lægstu 5



## Stjórnun

Niðurstöður eru ekki birtar ef n<5

### Leikskólinn Nóaborg



## 3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

### 3.1 Umbótaþáttur/matsþáttur: Námskrá

#### Tækifæri til umbóta - Að hverju er stefnt?

Ný skólanámskrá fyrir leikskólann verður gefin út í janúar 2025

#### Aðgerðir til umbóta - Framkvæmd:

Námskráin verður unnin með virkri þátttöku starfsmanna. Leitað verður leiða til að börn og foreldrar geti haft einhverja aðkomu að verkefninu.





### **Ábyrgð:**

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar.

### **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?**

Byrjað verður á fyrsta skipulagsdegi haustsins og unnið jöfnum höndum út árið. Unnið með tvo grunnþætti menntunar á hverjum skipulagsdegi á haustönn. Áætlað er að ný skólanámskrá verði tilbúin í byrjun janúar 2025.

### **Mat – hvænær/hvernig?**

Námskráin þarf að vera skýr og gagnast starfinu og þeim gildum sem viðhöfð eru í leikskólanum. Innleiðing fer í gang um leið og skólanámskráin verður klár og áætlað er að unnið verði að fullu eftir henni veturinn 2025-2026. Reglulegt mat á deildarfundum og á skipulagsdegi í júní 2025. Listi með umræðupunktum úr námskránni til að nota við matið.

### **Viðmið um árangur:**

Nýrri skólanámskrá er ætlað að skila betra leikskólastarfi fyrir alla. Hún þarf að vera skýr á þann hátt að auðvelt sé fyrir starfsfólk að tileinka sér þær áherslur sem þar birtast. Hún þarf einnig að vera upplýsandi fyrir foreldra.

## **3.2 Umbótaþáttur/matsþáttur: Einfalda vinnu við þrjú stór verkefni**

### **Tækifæri til umbóta - Að hverju er stefnt?**

Auðvelda og einfalda undirbúning þriggja stærstu verkefna vetrarins sem eru jólagjafir til foreldra, gerð Öskudagsbúninga og Alþjóðavika leikskólans.

### **Aðgerðir til umbóta - Framkvæmd:**

Leikskólastjóri hefur gert skipulag frá hausti og fram á vor þar sem ofangreind verkefni eru hlutuð niður í mörg smærri verkefni. Byrjað er fyrr en áður á verkefnum og ákveðnum hlutum þeirra þarf að vera lokið á ákveðnum tíma. Það einfaldar allan undirbúning til muna en það hefur háð okkur að oft er verið að ljúka þessum verkefnum á síðustu stundu sem skilar minni ánægju í að vinna þau. Vonast er til að með verkplaninu verði þessi þrjú stóru verkefni skilvirkari, ánægjulegri og auðveldari í framkvæmd.

### **Ábyrgð:**

Deildarstjórar

### **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?**



Hefst strax á haustmánuðum og lýkur með Alþjóðavikunni sem er venjulega seinni part aprílmánaðar eða í byrjun maí.

### **Mat – hvænær/hvernig?**

Símat á meðan á verkefnum stendur. Hver deild er með sína verkáætlun fyrir þessa þætti starfsins og því auðvelt að fylgjast með og fylgja því eftir að farið sé eftir planinu.

### **Viðmið um árangur:**

Með þessari verkáætlun fara þessir þættir meira inn í daglegt starf starfsmanna sem geta m.a. nýtt undirbúningstíma til að skipuleggja hvert verkefni. Vonast er til að þetta skili áreynslulausari vinnu þar sem hún stendur yfir í lengri tíma en ekki rétt áður en því á að vera lokið. Börnin munu væntanlega njóta vinnunnar betur sem og starfsfólk. Á stjórnendafundum verður staðan tekin reglulega og minnt á að fylgja áætluninni eftir.

## **3.3 Umbótaþáttur/matsþáttur: Stjórnun**

### **Tækifæri til umbóta - Að hverju er stefnt?**

Nýta betur þann mannauð sem er í leikskólanum. Finna styrkleika hvers starfsmanns og gefa honum tækifæri til að vinna með þá.

### **Aðgerðir til umbóta - Framkvæmd:**

Finna leiðir til að auka ábyrgð hvers starfsmanns í leikskólanum er unnið með mörg föst verkefni. Við erum með Barn vikunnar þar sem börnin m.a. taka myndir heima og í leikskólanum og halda kynningu fyrir deildina sína í lok vikunnar. Við erum með Alþjóðaviku sem kallar á mikla skipulagningu, það eru Listasmiðjudagar, Tækni- og vísindadagar o.m.fl. Þessi verkefni þarfnast undirbúnings og með því að dreifa þeim til starfsmanna og gefa þeim tíma til undirbúnings léttir álag á deildarstjóra auk þess sem starfsmenn finna til aukinnar ábyrgðar í sínu starfi.

### **Ábyrgð:**

Deildarstjórar

### **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?**

Hefst strax á haustmánuðum og lýkur í maí þegar formlegt starf klárast.

### **Mat – hvænær/hvernig?**



Símat á meðan á verkefnum stendur á deildarfundum. Sum verkefni eru í gildi allan veturinn á meðan önnur eru tímabundin.

### **Viðmið um árangur:**

Starfsmenn fá með þessu aukna ábyrgð sem vonandi skilar sér í meiri starfsánægju. Það er svo mikilvægt að vera þátttakendur og koma að skipulagningu verkefna í stað þess að vera þiggjendur á þann hátt að taka eingöngu við tilfallandi verkefnum frá deildarstjóra.

## **3.4 Umbótaþáttur/matsþáttur: - Barnasáttmálinn og Nordplusverkefnið**

### **Tækifæri til umbóta - Að hverju er stefnt?**

Vinna markmissar með Barnasáttmálann sem er áhersluþáttur í Nordplusverkefninu sem við erum þátttakendur í. Unnið er sérstaklega með 12. greinina sem er: „**VIRÐING FYRIR SKOÐUNUM BARNNA**“ Börn eiga rétt á því að tjá sig frjálsglega um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra. Fullorðnir eiga að hlusta og taka mark á þeim“ Nóaborg er í ferli varðandi það að verða Réttindaskóli UNICEF og síðasta skólaár fengu allir starfsmenn góða kynningu á Barnasáttmálanum frá fulltrúum UNICEF á Íslandi.

### **Aðgerðir til umbóta - Framkvæmd:**

Verkefnarstjórar eru tveir (aðstoðarleikskólastjóri og einn deildarstjóri) og halda þeir utan um og skipuleggja starfið út frá áhersluþáttunum. Verkefnið er að mestu unnið á eldri tveimur deildunum og er það verkefnastjóranna að fylgja eftir þeim verkefnum sem unnin eru skv. Nordplusverkefninu. Næsti fundur verkefnisins er í Stokkhólmi um miðjan september og þar verða línur lagðar fyrir komandi skólaár.

### **Ábyrgð:**

Verkefnastjórar í Nordplus samstarfinu

### **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?**

Seinna ár verkefnisins hefst nú í september en við höfum síðasta vetur innleitt nokkrar breytingar tengdar 12. grein Barnasáttmálans. Unnið verður með verkefnið allan veturinn en því lýkur í júní 2025.

### **Mat – hvænær/hvernig?**

Verkefnastjórar taka púlsinn á stöðunni reglulega yfir veturinn en ekki hefur enn verið ákveðið hvernig verkefnið í heild verður metið. Það verður gert á fundi í Litháen í apríl og svo er lokafundur hér á Íslandi í júní 2025. Það er þó ákveðið að þátttaka barnanna sjálfra verður í matinu.



## Viðmið um árangur:

Að starfsfólk hlusti meira á hvað börnin hafi að segja um „sinn vinnudag“ og meiri sveigjanleiki gagnvart þeirra skoðunum og vilja verði sýnilegri í starfinu.

## 4 Innra mat Sólbakka og Ólátagarðs

Mat á þáttum í starfinu 2023-2024

### 4.1 Leikurinn

Markmiðið var að starfsfólkið tæki virkari þátt í leik barnanna og hefði meiri skilning á mikilvægi leiks hjá börnum. Verkefnið var á ábyrgð deildarstjóranna tveggja á þessum deildum.

Verkefnið var metið tvisvar yfir veturinn á skipulagsdögum þar sem starfsfólk deildanna tveggja ræddi saman um þátttöku starfsfólksins í leik barnanna, hvernig gengi að framkvæma það og hvað mætti gera betur. Umræður voru skráðar m.t.t. úrbóta.

Í heildina hefur verkefnið gengið vel og starfsfólk almennt orðið virkara í leik barnanna og meðvitaðra um mikilvægi leiksins. Starfsfólk tekur meiri þátt í leik barnanna bæði beint og óbeint. Haldið verður áfram að vinna með þennan þátt komandi vetur og er á ábyrgð deildarstjóra að fylgja því eftir.

### 4.2 Þemavinna

Unnið hafði verið með of mörg þemu í of stuttan tíma og markmiðið var að fækka þeim og vinna lengur og betur með hvert þema.

Farið var í að nýta betur styrkleika og áhugasvið hvers starfsmanns svo viðkomandi gæti haldið utan um ákveðna þætti þemavinnunnar. Verkefnið fór vel af stað, þemum var fækkað og gengu þau vel. Starfsfólk og börn nutu sín vel. Engu að síður er talin ástæða til að vinna betur með starfsmannahópinn á deildunum og virkja hann betur. Það felst m.a. í því að passa upp á að þeir fái sinn lágmarksundirbúningstíma. Matið fór fram á deildafundum og á skipulagsdögum en á skipulagsdögum er gefinn góður tími til funda á hverri deild.

### 4.3 Flæði

Mikið og gott flæði er á milli deildanna og börnin leika oft saman enda er einungis ein hurð á milli deildanna og fataherbergi er sameiginlegt. Bleiuskiptiaðstaða er sameiginleg. Eftir morgunmat nánast daglega er t.d. farið með barnahóp á hvorri deild í salinn þar sem gjarnan er lesið fyrir börnin og er þá einn starfsmaður af hvorri deild með. Starfsfólk hjálpast mikið að á þessum deildum og telur starfsfólk að þetta virki vel bæði fyrir börn og starfsfólk. Aðlögun barna á milli þessara deilda gengur einnig mun betur en áður þar sem börnin þekkja starfsfólkið á nýju deildinni mjög vel.



#### 4.4 Deildafundir

Deildafundir eru planaðir í dagatali á tveggja vikna fresti yfir veturinn og leysa deildirnar hvor aðra af á meðan á þessum fundum stendur. Því miður féllu þessir fundir of oft niður af ýmsum ástæðum en deildarstjórar deildanna bera ábyrgð á að passa upp á að þeir falli ekki niður nema í algjörum undantekningartilfellum. Deildafundir eru gríðarlega mikilvægir fyrir samskipti á milli starfsmanna, miðlun upplýsinga til starfsmanna auk þess sem þeir eru nýttir til að skipuleggja deildina og fara yfir barnahópin. Markmiðið fyrir komandi vetur er að forgangsraða þessum fundum í dagatalið.

#### 4.5 Skólaárið 2024-2025

Umbóta þáttur/ Mats-þáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Hæfniramma</b>	Að nýta hæfniramma jafnt og þétt yfir veturinn	Festa notkun hæfniramma í leikskólanum	Deildarstjórar	Haut 2024	Vor 2025	Nota tíma á skipulagsdögum og deildarfundum til að fara yfir verkefnið og gengi þess.	Að ná að klára öll þau börn sem falla undir hæfniramma að minnsta kosti einu sinni yfir veturinn
<b>Fataherbergi</b>	Minnka álag í fataherbergi	Færri börn í einu í fataherbergi.	Deildarstjórar	Haut 2024	Vor 2025	Metið 3x yfir veturinn með skráningu	Að stundin í fataherbergi sé notalegri með færri börnum og að börnin geti hjálpað sér meira sjálf



<b>Deildarfundir</b>	Fækka þeim skiptum sem deildarfundir falla niður en þeir eiga að vera á tveggja vikna fresti á hverri deild. Deildirnar leysa hvor aðra af með barnahópinum á meðan	Halda því skipulagi sem verið hefur varðandi deildarfundum og leita allra leiða áður en þeir eru felldir niður	Deildarstjórar	Haust 2024	Vor 2025	Metið á skipulagsdegi í lok nóvember og í byrjun júní með samtali starfsfólks á milli	Að reglulegir deildarfundir skili jákvæðari starfsanda á deildunum. Upplýsingagjöf verði þéttari til starfsfólks og tími gefst til að sinna málefnum deildanna
----------------------	---	--	----------------	------------	----------	---	--

## 5 Innra mat Saltkráku og Skarkalagötu

Mat á þáttum í starfinu 2023-2024

### 5.1 Flæði

Aukið flæði var á milli deildanna tveggja og börnin gátu farið frjálst á milli til að leika sér. Prófaðar voru ýmsar aðferðir allt frá einum degi í viku og upp í þrjá. Flest börn voru ánægð með þetta flæði en nokkur áttu samt erfitt með það. Verkefnið var metið tvisvar yfir veturinn og niðurstaðan varð sú að þetta þurfi að skipuleggja betur. Starfsfólk deildanna þarf að vera meðvitaðra um sitt hlutverk í verkefninu og passa þarf upp á að starfsmenn séu á öllum stöðum sem boðið er að leika á. Haldið verður áfram að þróa flæði á milli deildanna, fleiri leiðir prófaðar og verkefnið undirbúið betur í samvinnu deildanna. Deildarstjórar bera ábyrgð á að halda áfram að finna það sem passar Nóaborg best.

### 5.2 Þemavinna

Ákveðið var að vinna þemavinnu í kringum Lubba verkefnið en aðstoðarleikskólastjóri fór inn á allar deildir með Lubbastundir. Þemavinnan átti að tengjast hefðbundnu hópastarfi og átti einnig að taka fyrir þemu sem tengdust áhugasviði barnanna. Starfsfólk skipulagði þemavinnuna en ábyrgð var í höndum deildarstjóra deildanna tveggja. Verkefnið var metið tvisvar yfir veturinn á skipulagsdögum. Þemavinnan gekk að mörgu leyti mjög vel og nokkur dásamleg verkefni voru unnin með börnunum. Verkefnið verður áfram á sínum stað í vetrarstarfinu og börnin fá að njóta skemmtilegrar þemavinnu.



### 5.3 Skólaárið 2024-2025

Umbóta þáttur/ Mats-þáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Hæfniramma</b>	Að nýta hæfniramma jafnt og þétt yfir veturinn	Festa notkun hæfniramma í leikskólanum	Deildarstjórar	Haust 2024	Vor 2025	Nota tíma á skipulagsdögum og deildarfundum til að fara yfir verkefnið og gengi þess.	Að ná að klára öll þau börn sem falla undir hæfniramma að minnsta kosti einu sinnum yfir veturinn
<b>Flæði</b>	Betra flæði barna í leik á milli Saltkráku og Skarkalagötu	Halda áfram að prófa leiðir sem henta húsnæði leikskólans og börnum	Deildarstjórar	Haust 2024	Vor 2025	Metið reglulega á deildarfundum	Jafnvægi í flæði á milli deildanna sem skilar ánægju til barna og starfsfólks
<b>Deildarfundir</b>	Fækka þeim skiptum sem deildarfundir falla niður en þeir eiga að vera á tveggja vikna fresti á hverri deild. Deildirnar leysa hvor aðra af með barnahópinum á meðan	Halda því skipulagi sem verið hefur varðandi deildarfundum og leita allra leiða áður en þeir eru felldir niður	Deildarstjórar	Haust 2024	Vor 2025	Metið á skipulagsdegi í lok nóvember og í byrjun júní með samtali starfsfólks á milli	Að reglulegir deildarfundir skili jákvæðari starfsanda á deildunum. Upplýsingagjöf verði þéttari til starfsfólks og tími gefst til að sinna málefnum deildanna



## 6 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2023-2024

<p><b>Skipulagning sérkennslu</b></p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með?</p> <p>Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur?</p> <p>Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi?</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Gerðar voru einstaklingsáætlanir fyrir þau börn sem þurftu þess með en þær voru margar frekar óformlega uppsettar.</p> <p>Stuðningstímar voru skipulagðir á fjölbreyttan hátt. Í vissum tilfellum var nauðsynlegt að stuðningur fylgdi einu barni til að gera því kleift að vera virkur þátttakandi á deildinni.</p> <p>Í öðrum tilfellum var stuðningur nýttur á deildum til að styðja við þau börn sem þurftu í leik, í málörvunarstundum eða stundum með öðrum áherslum, t.d. þjálfun fínhyringa, félagsþjálfun, við að styrkja sjálfstraust o.s.frv.</p> <p>Reynt var eftir bestu getu að laga umhverfi og starf að þörfum þeirra barna sem á þurftu að halda. Starfsfólk vann að því að öll börn væru virkir þátttakendur og hefðu rödd í barnahópnum.</p> <p>Stuðningsaðilar skráðu hegðun og framfarir eftir hóp- og einstaklingsstundir eftir bestu getu. Stuðningsaðilar skráðu skriflega en einnig með ljósmyndum og myndböndum. Talmeinafræðingur skráði nótur.</p> <p>Sérkennslustjóri skráði teymisfundi, samtöl við foreldra, stuðningsaðila, talmeinafræðing og aðra ráðgjafa eftir þörfum.</p> <p>Skráð var í AHA hegðunarlista hegðun nokkurra barna.</p>
<p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b></p> <p>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Talmeinafræðingur Nóaborgar lagði HLJÓM-2 að mestu fyrir skólabörnin. AEPS-listinn var notaður fyrir nokkur börn. Deildarstjóri yngstu deildar fyllti út í TRAS fyrir sína deild. Aðrir hafa ekki réttindi til að leggja það fyrir eins og er. Nokkrir foreldrar fylltu út í Smábarnalistann, Íslenska þroskalistann og/eða Orðaskil.</p>





<p><b>Hvaða námsefni var notað?</b></p> <p>Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Fjölbreytt námsefni var notað, hvoru tveggja aðkeypt og heimatilbúið. Lubbaefni og ítarefni því tengt var nýtt á deildum og í sérkennslu. Efni til að þjálfa fínhyringar var notað. Mikið var spilað til málörvunar og til að æfa samvinnu. Stuðningur hafði aðgang að ýmsu efni: Ljáðu mér eyra, Leggðu við hlustir, Tölum saman, Orðagull, Lærum og leikum með hljóðin, Markviss málörvun og margt fleira. Ýmis öpp voru notuð og má þar nefna öpp með ofantöldu efni, Bitsboard, Puppet Pals og fleira.</p>
---	---

## 6.1 Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

Umbóta þáttur/ Mats-þáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Einstaklingsnámskrá</b>	Gera einstaklingsnámskrár á betra formi.	Gera ráð fyrir tíma í gerð einstaklingsnámskráa	Sérkennslustjóri	Í október 2024	Lýkur ekki.	Metið í auknum fjölda formlegra einstaklingsnámskráa á þessu skólaári.	Markvissara inngrip stuðnings og kennara.



## 7 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2023-2024

<p>Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?</p>	<p>Fjármagnið er aðallega nýtt í laun talmeinafræðings sem sinnir málörvun þeirra fjöltyngdu barna sem þurfa mest á þjálfun að halda, sinnir ráðgjöf um málörvun á deildum, ráðgjöf við foreldra og fleira.</p> <p>Á yngri deildum vinnur talmeinafræðingur mest með því að spjalla, leika og spila einföld spil við börnin með áherslu á grunnorðaforða.</p> <p>Á eldri deildum fá börnin málörvunarstundir þar sem unnið er með dýpri orðaforða, málfræði, hlustun o.s.frv. auk þess sem þau börn sem á þurfa að halda fá aðstoð með framburð.</p>
<p>Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)?</p> <p>Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?</p>	<p>Notuð er myndræn stundaskrá á öllum deildum til að auka öryggi barnanna í umhverfinu og skilning á daglegu skipulagi. Leiðbeinandi myndir hanga á veggjum og kennarar nota myndir til að hjálpa börnunum að átta sig á aðstæðum.</p> <p>Kennarar eru m.a. hvattir til að setja orð á athafnir í öllu starfi, sýna myndir til að styðja málið þegar hægt er. Bókum er t.d. varpað á vegg (bókabíó) svo allir sjái vel þegar lesið er og það fjölgar tækifærum til að benda á myndir og útskýra orð.</p> <p>Boðið er upp á fjölbreytt spil sem börnin geta spilað með kennara og/eða með öðrum börnum.</p> <p>Lubbavinnan er markviss á öllum deildum og þar er bæði unnið með mállhljóð og orðaforða.</p> <p>Talmeinafræðingur vinnur einnig markvisst með fjöltyngdum börnum að því að styrkja grunnorðaforða og dýpka orðaforða einstaklingslega og í minni hópum.</p> <p>Við höfum notað Gefðu 10 með fjöltyngdum börnum og öðrum sem við teljum þurfa á því að halda og tryggjum þannig að þau fái að lágmarki 30-50 mínútur (fer eftir fjölda kennara á deild) á dag í einstaklings samtöl við kennara. Til að byrja með er gott að vinna með grunnorðaforða en eftir því sem barninu fer fram er auðvelt að dýpka orðaforðann í þessum samtölum.</p>



<p>Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?</p>	<p>Farið er yfir orð í textum laga og orðin útskýrð. Myndir eru sýndar eða teiknaðar til útskýringar. Sama á við í lestri bóka. Notaðar eru loðtöflusögur, bókabíó (myndum úr bókunum varpað á tjald) o.fl. til að gera orðaforðann sýnilegri og efla þannig skilning barnanna. Kennarar eru meðvitaðir um að bæta við orðaforða barnanna og gefa þeim færi á að æfa sig á sínum forsendum.</p>
<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i>, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	<p>Deildarstjórar og starfsfólk deilda eru byrjaðir að nýta Hæfniramma til að fylgjast á markvissari hátt með framförum fjöltyngdra barna í íslensku.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i>, varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</p>	<p>Á deildum er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla. Kennarar nálgast börnin á þeim stað sem þau eru í málinu og bæta smátt og smátt við. Börnin fá tækifæri til að vaxa og styrkjast í notkun tungumálsins, styrkleikar þeirra og áhugamál fá pláss og þau fá tækifæri og aðstoð við að tjá sig og vera virkir þátttakendur í starfi deildanna. Öll börnin taka m.a. þátt í verkefninu Barn vikunnar þar sem þau fá t.d. meiri sérstöðu, fá viðbótar hlutverk á deildinni. Þau taka myndir í leikskólanum og heima og kynna fyrir hinum börnunum. Með þessum hætti ná þau að deila með félögum sinni heimamenningu, jafnvel þó þau sem enn eiga erfitt með að tjá sig á íslensku.</p>



## 7.1 Umbótaáætlun – fjöltyngi 2024-2025

Umbóta þáttur/ Mats- þáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Hæfniramma</b>	Víðtækari notkun Hæfniramma	Sérkennslustjóri styður deildir til að nota Hæfniviðmið fyrir öll fjöltyngd börn leikskólans	Sérkennslustjóri í byrjun deildarstjórar og starfsfólk deilda	Haust 2024	Í lok skólaárs 2024	Fjöldi unninna vinnulista hæfniviðmiða eftir veturinn. Samtöl sérkennslustjóra við deildarstjóra	Allar deildir hafa tileinkað sér notkun Hæfniramma.

## 8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Stutt samtöl voru tekin við allt starfsfólk í október og svo aftur í maí og voru það mjög gagnleg samtöl. Starfsfólk sótti ýmis námskeið og fyrirlestra ýmist í leikskólanum eða utan hans:

- Sýlvía Guðmundsdóttir, markþjálfari kom og hélt erindi fyrir alla starfsmenn um vellíðan í vinnu. Auk þess var Sýlvía með stjórnendur í teymisþjálfun en markmiðið með henni var að styrkja stjórnendur í sínu starfi auk þess að þetta raðir stjórnendateymisins. Hver stjórnandi fékk einnig einkatíma hjá Sýlvíu í markþjálfun.
- Skyndihjálparnámskeið var á vorönn
- Kynning á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna fyrir alla starfsmenn á skipulagsdegi. Um fræðsluna sáu fulltrúar frá UNICEF á Íslandi
- Deildarstjórar sóttu röð námskeiða sem hófust á vormánuðum og lýkur í vetur en um er að ræða alls sex skipti. Þetta er liður í að styrkja deildarstjóra í sínu starfi.



## 9 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólarnir Klambrar, Stakkaborg og Nóaborg hafa í mörg ár verið í samstarfi við Háteigsskóla og þá sérstaklega kennara og nemendur 1. bekkjar. Markmiðið er að brúa bilið á milli leik- og grunnskóla og hittast elstu börnin í leikskólunum og 1. bekkur í Háteigsskóla talsvert yfir veturinn. Hópurinn hittist oft allur saman á Klambratúni að hausti og vori og svo eru gagnkvæmar heimsóknir á milli þeirra allan veturinn. Háteigsskóli býður börnunum að vera eina kennslustund með 1. bekk, þau fá að heimsækja íþróttahúsið, bókasafnið og er boðið á jólaskemmtun auk samveru á sal. Hver leikskóli heimsækir svo 1. bekk og 1. bekkur kemur í heimsókn í hvern leikskóla. Í gegnum þetta frábæra verkefni kynnast elstu börn leikskólanna þriggja hvert öðru og þekkjast því aðeins þegar þau svo hittast í 1. bekk í Háteigsskóla. Þá þekkjast þau einnig börnin sem eru þá komin í 2. bekk. Börnin heimsækja einnig frístundaheimili Háteigsskóla og fá að kynnast húsinu og starfinu þar. Þetta samstarfsverkefni sem ber heitið Skilaboðaskjóðan byrjaði sem þróunarverkefni á sínum tíma og hlaut að því loknu Hvatningarverðlaun Leikskólaráðs. Það er frábært að samstarfið hefur haldið áfram og þróast. Nákvæm tímasetning heimsóknanna er ekki tilbúin en hún er nokkurn veginn eins hvern vetur. Undanfarin 15 ár hefur einn starfsmaður Nóaborgar fylgt börnunum sem fara í Háteigsskóla og er með þeim fyrstu skóladagana. Mikil ánægja er með þetta verkefni hjá börnum, foreldrum og kennurum 1. bekkjar.

## 10 Foreldrasamvinna

Í Nóaborg leggjum við mjög mikla áherslu á gott foreldrasamstarf, að foreldrunum líði vel með leikskólann og finnist þau örugg með börnin hjá okkur. Stjórnendur eru alltaf til taks ef þarf og eru foreldrar hvattir til að hafa strax samband ef áhyggjur vakna. Foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til að fylgjast með starfinu hafi þeir tíma og áhuga.

Þrír fulltrúar foreldra auk leikskólastjóra skipuðu foreldraráð leikskólans síðasta vetur en skv. lögum skulu að lágmarki þrír foreldrar auk leikskólastjóra sitja í ráðinu. Kosið er í foreldraráð á foreldrafundi í september. Þeir sem hafa áhuga á að starfa í foreldraráði gefa kost á sér til starfa og ef þörf þykir skal kosið á foreldrafundi á milli þeirra sem bjóða sig fram. Foreldraráðið skiptir hlutverkum á milli sín; formaður, ritari og meðstjórnandi. Hópurinn hittist yfir veturinn eftir þörfum til að ræða mál er snerta leikskólanum en tölvupóstur er notaður til samskipta þess á milli. Þá gefur foreldraráð umsögn um starfsáætlun og skólanámskrá en skólanámskráin er í vinnslu og er stefnt á að hún verði tilbúin í lok árs. Þá eru ýmsar breytingar á starfinu gerðar í samráði við foreldraráðið.



Foreldrafundur fyrir alla foreldra er haldinn í september og er hann jafnframt aðalfundur foreldrafélagsins. Á þessum fundi er kosið nýtt foreldraráð, ný stjórn foreldrafélagsins og vetrarstarf hverrar deildar er kynnt.

Foreldrum er boðið upp á stutt viðtöl að hausti, fljótlega eftir að barnið byrjar í leikskólanum eða flyst á milli deilda. Lengri viðtöl eru í febrúar/mars þar sem farið er yfir ýmsa þætti er varða börnin og veru þeirra í leikskólanum. Deildarstjórar bjóða svo upp á viðtalstíma eftir þörfum allan veturinn óski foreldrar eftir því.

Foreldrafélagið Örkin hans Nóa er starfrækt við leikskólann og í stjórn félagsins eru a.m.k. 2-3 foreldrar af hverri deild. Allir áhugasamir foreldrar eru þó velkomnir að starfa með stjórninni. Stjórnin hefur formann, ritara, gjaldkera og meðstjórnendur. Starfsmaður er fulltrúi leikskólans í stjórnin. Foreldrar greiða tvisvar á ári í sérstakan sjóð og er sá peningur notaður í ýmsar mismunandi uppákomur sem foreldrafélagið skipuleggur eða tekur þátt í. Má þar helst nefna tónlistarnámskeið, dansnámskeið, sjóræningjahátíð, jólasveina og gjafir á jólaball og hluta kostnaðar við útskriftarferð elstu barnanna.

## 11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

## 12 Fylgiskjöl

Umsögn foreldraráðs

Leikskóladagatal íslenska (dagatalið er líka sett í Völu á íslensku og prentað út á hverja deild í excel skjali)

Leikskóladagatal enska

F. h. leikskólans Nóaborgar

Anna Margrét Ólafsdóttir

Leikskólastjóri

13.9.2024

Dagsetning



## 12.1 Fylgiskjal – foreldraráð

### **Starfsáætlun 2024 – 2025**

### **Leikskólinn Nóaborg**

### **Umsögn foreldraráðs**

#### **Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Finnborg Salome Steinþórsdóttir**

**Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir**

**Martin Smedlund**



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



### 12.1.1 Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans Nóaborgar hefur yfirfarið starfsáætlun Nóaborgar 2024-2025 og veitir hér umsögn sbr. 2 mgr. 11.gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.

Foreldraráð þakkar starfsfólki og stjórnendateymi Nóaborgar fyrir alúð, virðingu og vönduð viðbrögð leikskólans á undangengnu skólaári.

Starfsáætlunin er metnaðarfull og lýsir fagmennsku, krafti og umbótavilja. Umbótaáætlanir fyrir leikskólann í heild og minni einingar eru raunhæfar.

Foreldraráð fagnar því að sjá að starfsánægju starfsfólks hafi aukist milli ára og að starfsfólk sé ánægt með stjórnun leikskólans, en það veldur áhyggjum að starfsmannavelta hafi aukist. Í umbótaáætlun er lögð áhersla á virkni starfsfólks við mótun skólanámskrár, dreifa verkefnaálagi og nýta betur mannauð leikskólans. Niðurstöður könnunar benda til að tækifæri séu til umbóta, s.s. hvað varðar hljóðvist, aðbúnað og stjórnun. Stærsta áskorunin eru þó launakjör, og áréttar foreldraráðið mikilvægi þess að Reykjavíkurborg fjárfesti í starfsfólki leikskóla til að koma í veg fyrir brottfall starfsfólks og auki stöðuleika og fagmennsku í námi barnanna.

Foreldraráðinu finnst einnig ánægjulegt að sjá ánægju starfsfólks með stjórnun leikskólans auk þess sem ákveðið hefur verið að gefa þeim þætti starfsins aukið vægi í umbótaáætluninni. Foreldraráð deilir þeirri sýn leikskólans að góð stjórnun sé lykill að góðri vinnumenningu þar sem allt starfsfólk fær að nýta styrkleika sína

Stytting vinnuvikunnar í 36 stundir er mikið umbótaskref fyrir starfsfólk leikskóla. Foreldraráðið áréttar mikilvægi þess að leikskólinn fái allan nauðsynlegan stuðning frá Reykjavíkurborg til að tryggja að skólastarf muni ekki skerðast.

Foreldraráð er hér eftir sem hingað til reiðubúið að styðja við stjórnendur og starfsmenn í stöðugri viðleitni til umbóta.

Foreldraráð samþykkir starfsáætlun Nóaborgar og óskar stjórnendateymi og starfsfólki góðs starfsárs.

Foreldraráð Nóaborgar, 9. september 2024

Finnborg S. Steinþórsdóttir

Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir

Martin Smedlund



## 12.2 Leikskóladagatal Nóaborgar 2024-2025 íslenska

### Ágúst

30. Skipulagsdagur – leikskólinn lokaður

### September

6. Dagur læsis er 8. september ár hvert (spiladagur þar sem spiluð verða alls konar spil sem tengjast læsi)

9. Formlegt vetrarstarf hefst á öllum deildum

13. Útihreyfidagur (þrautir og leikir í garðinum)

16. Dagur íslenskrar náttúru (tiltekt í nánasta umhverfi leikskólans o.fl.)

20. Grænn dagur (allir koma í einhverju grænu í leikskólann)

25. Aðalfundur foreldrafélagsins, kosning í stjórn foreldrafélagsins, kosning í foreldraráð, kynning á vetrarstarfi hvernar deildar

27. Skipulagsdagur – leikskólinn lokaður

### Október

4. Hreyfidagur (börnin komi með íþróttaföt)

11. Listasmiðjudagur – settar verða upp ólíkar listasmiðjur og börnin velja sér svo eftir áhuga hvaða smiðju þau heimsækja (ein eða fleiri eftir áhuga)

18. Vísindi og tilraunir (Börnin fá að gera ýmsar skemmtilegar tilraunir)

24.25.28. Vetrarfrí í grunnskólum Reykjavíkur

### Nóvember

1. Hreyfidagur (börnin komi með íþróttaföt)

8. Upplýsingatæknidagur þar sem við leikum okkur á fjölbreyttan hátt með upplýsingatæknina

15. Aðstandendakaffi á milli kl. 15 og 16 (afar, ömmur eða aðrir ættingjar/vinir hámark 2-4 frá hverju barni)

15. Dagur íslenskrar tungu er 16. nóvember. Leggjum áherslu á þulur og vísur þennan dag

22. Mælingadagur þar sem við munum mæla hvaðeina sem okkur dettur í hug

29. Skipulagsdagur – leikskólinn lokaður

### Desember

2. Piparkökubakstur – Sólbakki

3. Piparkökubakstur – Ólátagarður

4. Piparkökubakstur – Saltkráka

5. Piparkökubakstur – Skarkalagata

13. Jólaleiksýning í salnum

13. Rauður dagur (allir koma í einhverju rauðu)

13 Afmælisdagur Nóaborgar

13. Jólamatúr í hádeginu (kalkúnn og meðlæti)

?. Jólabb (foreldrafélagið skipuleggur stað og stund)



## Leikskóladagatal Nóaborgar 2024-2025 íslenska

### Janúar

- 6. Skipulagt starf hefst að nýju eftir jólafrí
- 10. Vasaljósadagur (börnin komi með vasaljós í leikskólann)
- 17. Vísindi og tilraunir (Börnin fá að gera ýmsar skemmtilegar tilraunir)
- 24. Þorri hefst – þorrablót í leikskólanum

### Febrúar

- 6. Skipulagsdagur, leikskólinn lokaður
- 7. Formadagur þar sem við leikum með ýmis form
- 14. Hreyfidagur (börnin koma með íþróttaföt)
- 24. og 25. Vetrarfrí í grunnskólum Reykjavíkur
- 28. Blár dagur (allir klæðast einhverju með bláu í)

### Mars

- 3. Bolludagur
- 4. Sprengidagur
- 5. Öskudagur
- 14. Hreyfidagur (börnin komi með íþróttaföt)
- 17. Foreldraviðtöl hefjast og mun deildarstjóri hvernar deildar auglýsa dagsetningar
- 21. Alþjóðadagur Downs heilkennis, allir koma í mislitum sokkum
- 21. Talningadagur (æfum okkur í að telja eitt og annað í umhverfi okkar)

### Apríl

- 4. Hreyfidagur (börnin komi með íþróttaföt)
- 11. Gulur dagur (allir klæðast einhverju með gulu í)
- 11. Foreldrum boðið í morgunmat á milli kl. 8 og 9 (ristað brauð, kakó/kaffi)
- 14.-21.4. Dymbilvika og páskafrí
- 25. Listasmiðjudagur – settar verða upp ólíkar listasmiðjur um leikskólann

### Mái

- 2. Hreyfidagur (börnin koma með íþróttaföt)
- 5. Skipulagsdagur, leikskólinn lokaður
- 6.-9. Alþjóðavika leikskólans
- 16. Röndóttur dagur – allir koma í einhverju röndóttu
- 23. Opið hús í Nóaborg frá kl. 15-16.15 (sýning á vetrarstarfi)
- ? Útskriftarferð elstu barna
- 30. Formleg útskrift elstu barnanna

### Júní

- 5. Útihreyfidagur (leikir og þrautir í garðinum)
- 6. Skipulagsdagur – Leikskólinn lokaður
- ? Sjóráningjahátíð í samráði við foreldrafélagið



## 12.3 Leikskóladagatal 2024-2025 enska

### August

30. Planning day – school is closed

### September

6. The day of literacy is September 8th. (We will play games that focus on literacy)

9. Formal work for the winter starts in all classes

13. Outdoor Sport day (We do activities in the garden)

16. The day of Icelandic nature (cleaning around school and more)

20. **Green day (children and teachers wear something with green in it)**

25. Parent meeting. (voting for new members of the parent council, presentation of what we focus on in each class next winter)

27. Planning day – school is closed

### October

4. Sport day (the children bring sport clothes to wear)

11. Art day – Different art activities the children can choose between)

18. Science and experiments for the children to play with

24.25.28. Winter brake in Primary schools. Children need to be registered if they come to Nóaborg those days

### November

1. Sport day (the children bring sport clothes to wear)

8. IT day where we play with different activities using different IT products.

15. We invite relatives to come between 3PM and 4PM (grandparents or other friends or family are welcome but not more than 2-4 from each child)

15. The day of the Icelandic language is November 16th. We will focus on Icelandic poetry and rhymes that day

22. Measure day where we will measure what ever we can think of

29. Planning day – school is closed

### December

2. Children in Sólbakki bake Gingerbread cookies

3. Children in Ólátagarður bake Gingerbread cookies

4. Children in Saltkráka bake Gingerbread cookies

5. Children in Skarkalagata bake Gingerbread cookies

13. A Play for the children in the gym

13. **Red day (children and teachers wear something with red in it)**

13 Birthday of Nóaborg

13. Christmas lunch (Turkey)

?. Christmas party (planned by the parent association)



## January

- 6. Planned work starts again after Christmas brake
- 10. Flashlight day (the children bring flashlights to school)
- 17. Science and experiments for the children to play with
- 24. The old Icelandic month Þorri starts (Children can taste old Icelandic food during lunch)

## February

- 6. Planning day – school is closed
- 7. Shape day where we play with different shapes
- 14. Sport day (the children bring sport clothes to wear)
- 24. og 25. Winter brake in Primary schools. Children need to be registered if they come to Nóaborg those days
- 28. **Blue day (teachers and children wear something with blue in it)**

## March

- 3. Bun Day and we will have special buns in the afternoon refreshment
- 4. Shrove Tuesday and we have salted lamb and pea soup for lunch
- 5. Ash Wednesday – Costume party in school
- 14. Sport day (the children bring sport clothes to wear)
- 17. Parent meetings start and the head of each class will let you know when the dates get closer
- 21. International day of Downs syndrome and we wear different sock on each foot
- 21. Counting day (we practice our counting by counting different objects around us school)

## April

- 4. Sport day (the children bring sport clothes to wear)
- 11. **Yellow day (teachers and children wear something with yellow in it)**
- 11. Parents invited to have breakfast with the children between 8 and 9 AM
- 14.-21.4. Week before Easter and Easter holiday Children need to be registered if they come to Nóaborg those days
- 25. Art day – Different art activities the children can choose between)

## May

- 2. Sport day (the children bring sport clothes to wear)
- 5. Planning day – school is closed
- 6.-9. International week
- 16. **Stripe day (teachers and children wear something with stripes)**
- 23. Open house for guests in Nóaborg from 3-4.15
- ? Graduation trip of the oldest children
- 30. Formal graduation party for the oldest children

## June

- 5. Outdoor Sport day (We do activities in the garden)
- 6. Planning day – school is closed
- ? Pirate festival – The date is planned with the parent association in Nóaborg

